

Fréttabréf Viðskiptaráðs 11. desember 2009

Seðlabanki Íslands lækkar vexti

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands tilkynnti lækkun vaxta nú á fimmtudag. Í ljósi sérstakra aðstæðna í peningakerfi landsins einskorðast aðhaldsstigið ekki við stýrivextina líkt og almennt er, heldur er ástæða til að horfa til fleiri þátta. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka um 0,5% og eru nú 8,5%, hámarksvextir í útboðum innstæðubréfa lækka um 0,5% og eru nú 9,75%, daglánvextir lækkuðu um 1,5% og eru nú 11,5% og að lokum lækkuðu stýrivextir um 1% og eru nú 10%.

Það er því ljóst að um nokkra lækkun er að ræða og í raun umfram væntingar markaðarins. Næstu vaxtaákvörðunar bankans er að vænta í janúar og má skilja orð peningastefnunefndar á þann hátt að ef gengi krónunnar helst stöðugt eða styrktist og verðbólga hjaðnar í samræmi við spá bankans, megi búast við frekari lækkun vaxta.

Viðskiptaráð fagnar lækkun vaxta og leggur á það áherslu að stigin verði enn greiðari spor í átt til lægri vaxta. Um leið er ástæða til að brýna fyrir stjórnvöldum að huga að verðlagsáhrifum skattahækkana, enda er ljóst að hækkun neysluskatta og gjaldskrár hins opinbera eru til þess fallin að ýta undir verðbólgu.

Umræður um skattabreytingar

Nú í vikunni hafa farið fram tveir fundir þar sem ræddar hafa verið þær breytingar sem frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins mun hafa á skattkerfið.

Á þriðjudaginn hélt Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) ásamt VR málþing þar sem fjallað var um skattamál og breytta neysluhegðun í kjölfar efnahagssamdráttar. Þar var kynnt [könnun](#) á viðhorfi almennings til skattabreytinga sem unnin var af Capacent Gallup. Þar kemur m.a. fram að rúmlega helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni eru óánægður með hugmyndir ríkisstjórnarinnar um breytingar á skattkerfinu. Einnig var stór hluti þeirra sammála um að niðurskurður í stjórnsýslu ríkisins væri mjög mikilvægur og 85 af hundraði svöruðu að þeir myndu draga úr kaupum á dagvöru en 96 af hundraði töldu að þeir myndu draga úr kaupum á öðrum vörum en dagvöru. *Efni frá fundir FÍS og VR má nálgast [hér](#).*

Á miðvikudaginn hélt síðan endurskoðunarfyrtækið Deloitte opinn upplýsingafund í tilefni af nýju [skattafrumvarpi](#) ríkisstjórnarinnar. Þar kynntu lögfræðingar og endurskoðendur hjá fyrirtækinu helstu breytingar sem frumvarpið mun hafa á íslenska skattkerfið. Í máli þeirra kom m.a. fram að samkvæmt frumvarpinu verður arðsúthlutun skattlögd sem laun, en gott dæmi má finna um það í [glærum](#) frá fundinum. Ljóst þykir að frumvarpið sem um ræðir mun breyta skattumhverfi íslenskra fyrirtækja til muna. Fundurinn gaf góða yfirsýn yfir þau áhrif sem breytingarnar munu hafa á fyrirtæki og fjölskyldur. *Glærur frá fundi Deloitte má nálgast [hér](#).*

Viðskiptaráð fagnar opinni og málefnalegri umræðu um þessar breytingar. Á sama tíma harmar Viðskiptaráð að Alþingi hafi ekki meira samráð við hagsmunaaðila þegar um jafn veigamiklar breytingar á skattkerfinu er að ræða.

Athugasemdir Viðskiptaráðs við fyrirhugaðar skattabreytingar

Viðskiptaráð hefur fylgst náið með aðgerðum stjórnvalda á sviði ríkisfjármála á undanförunum vikum og mánuðum, sem margar hverjar eru afar misráðnar. Bæði fjárlagafrumvarp næsta árs og nýleg frumvörp á sviði skattlagningar bera með sér ríka niðurskurðarfærni af hálfu stjórnvalda – á tímum þegar lítið svigrúm er til slíkra viðhorfa

Viðskiptaráð hefur skilað inn umsögn um [skattafrumvarp](#) ríkisstjórnarinnar ásamt því að mæta fyrir efnahags- og skattanefnd Alþingis. Ví gagnrýnir vinnubrögð Alþingis, en mikill skortur hefur verið á samráði við hagsmunaaðila. Einnig er fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um að keyra frumvarpið í gegn á þeim litla tíma sem er til áramóta gangrýnisverð. Í dag eru einungis 11 virkir dagar eftir af árinu.

Í aðgerðum sínum taka stjórnvöld ekki tillit til þess að veruleg aðlögun hefur þegar átt sér stað hjá heimilum og fyrirtækjum landsins. Þetta sést best á umtalsverðum samdrætti í einkaneyslu, meira en 10 þúsund töpuðum störfum, hruni í fjárfestingu einkaaðila, fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði. Um leið og þessum hópi er ætlað að bera auknar byrðar þá stefnir ríkið eingöngu að því að taka lítil skref í átt til niðurskurðar og aðhalds, þrátt fyrir verulega þenslu í útgjöldum þess undanfarin ár.

Breytingar á skattkerfinu eru ekki líklegar til að heimta tekjur af skilvirkni og munum við því standa uppi í verri stöðu en ella, þar sem tekjurnar sem vænst var eftir munu ekki skila sér í ríkissjóð.

[Hér má nálgast umfjöllun Ví um frumvarpið.](#)

Tími hugmyndafræði eða hagsýni?

Nú á fimmtudaginn ritaði Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs grein í Fréttablaðið. Þar eru ræddir helstu punktar fjárlagafrumvarps næsta árs og skattafrumvarpsins. Í greininni kemur m.a. fram eftirfarandi:

- Valmöguleikarnir til að brúa fjárlagahallann sem blasir við ríkissjóði eru tiltölulega einfaldir; auknar tekjur, minni útgjöld eða hvort tveggja.
- Ljóst er að í þeirri blönduðu leið sem stjórnvöld hafa boðað verður mestur þungi lagður á aukna skattheimtu í aðlögun ríkisfjármála, frekar en að áhersla sé á niðurskurð.
- Heimili og atvinnulíf hafa þegar axlað miklar byrðar og aðlagað sinn rekstur með skörpum hætti.
- Á þessu ári er gert ráð fyrir að heildarútgjöld hins opinbera nemi 57% af landsframleiðslu sem verða þá hæstu hlutfallslegu útgjöld allra OECD-ríkja.
- Það er einnig vert að huga að því að í tillögum stjórnvalda er gert ráð fyrir verulega umfangsmiklum breytingum á núverandi skattkerfi.
- Töluverðar líkur eru á því að umræddar breytingar valdi óæskilegri og ófyrirséðri röskun á umsvifum í hagkerfinu og að skattheimta verði minni en vænst er.
- Ef gera á grundvallarbreytingar á þeirri hugmyndafræði sem íslenskt skattkerfi byggir á er það ekki ósanngjörn krafa að um þær verði haft víðtækt samráð, en það hefur ekki átt sér stað.

[Grein Finns í heild sinni má nálgast hér.](#)

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Eignir íslenskra lífeyrissjóða nálgast stöðuna fyrir hrun**, en eignir hafa aukist um 9,6 milljarða króna í október.
- **Ekkert bendir til annars en að skuldir Íslands séu viðráðanlegar** samkvæmt tilkynningu frá sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi.
- **Arion banki hefur kynnt ný skuldaúrræði fyrir einstaklinga og heimili** sem stuðla að lækkun höfuðstóls og afborgana af íbúðalánum hjá bankanum. Höfuðstóll lána getur lækkað um allt að 30% samkvæmt þessu nýja skuldaúrræði.
- **Í október og nóvember hefur millibankamarkaður með íslenskar krónur sýnt lífsmark** en hann hafði legið niðri alveg frá því í maí.
- **Mikill bílaútflutningur hefur verið frá Íslandi upp á síðkastið og hefur einn af stærri bílaútflutjendum landsins flutt út 11.000 bíla** frá efnahagshruninu í fyrr. Flestir bílanna hafa verið af lager bílaumboðanna.
- **Tekjuhalli hins opinbera á þriðja ársfjórðungi var nokkru minni en á öðrum ársfjórðungi**, eða 33 milljarðar króna borið saman við 41 milljarð króna. Þetta kemur fram í Hagtíðindum.
- **Fjármálaráðuneytið hefur ásamt ráðgjafarfyrirtækinu Oliver Wyman unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu á Sparisjóðakerfinu** en sú vinna er á áætlun.
- **Kreppan á Íslandi er vægari en búist var við og hún nálgast botninn**, þessu spáir greining Íslandsbanka nú í vikunni.
- **Forgangskröfur í Straum-Burðarás verða greiddar að fullu** og er talið að um helmingur almenna krafna fái greiddar.
- **Reykjavíkurborg hefur tilkynnt að hagræða skuli í rekstra borgarinnar í staðin fyrir að auka álögur á borgarbúa.** Á borgarstjórn Reykjavíkur hrós skilið fyrir það að fara þessa leið.
- **Sænska fjármálafyrirtækið EQT vill bjóða í þýska samheitalyfjafyrirtækið Ratiopharm í samvinnu við Actavis**, en Bloomberg fréttaveitan greinir frá þessu í dag.
- **Íslendingar eru meðal þeirra sem standa að baki Sundt Atlanta Skybridge** en félagið áætla að fljúga á milli Ósló og New York tvisvar sinnum í viku.
- **Í nóvember jókst sala á nýjum bílum í Bretlandi um 58% miðað við sama mánuð í fyrra.** Aðgerðir stjórnvalda ráða þar mestu um samkvæmt samtökum breskra bílasala, en þær felast m.a. í að eigandi fær greitt gjald fyrir eldri bíl sinn þegar nýr er keyptur og einnig hefur vsk verið lækkaður tímabundið.
- **Björgun bandarískra stjórnvalda á bönkum þar í landi mun ekki verða jafn dýr og áður var haldið.** Bankar eru nú þegar farnir að greiða ríkinu lán sín til baka og nú síðast endurgreiddi Bank of America 45 milljarða dollara.

Góða helgi.